

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Contact Spray		
Vörunúmer:	be147618	400ml	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Leiðniefni á rafsnertur í úðabrusa.		
	Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.		
1.3 Söluaðili:	Fálkinn	Framleiðandi:	Albert Berner Deutschland GmbH
	Dalvegur 10-14		Bernerstrasse 4,
	201 Kópavogur		D-74653 Kuenzelsau, Þýskalandi
Sími:	540 7000		00-49-79401210
Netfang:	falkinn@falkinn.is		info@berner.de
Veffang:	www.falkinn.is		www.berner.de
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlinan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðæfni 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr. 1
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.v.ásvelg.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð: **HÆTTA**

Hættusetningar	H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum
	H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
	H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
	H315	Veldur húðertingu
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu
	H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
	EUH208	Inniheldur terpentínu, olíu. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
	P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
	P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.

P273	Forðist losun út í umhverfið.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughlífvar/andlitshlífvar.
P314	Leitið lækni ef lasleika verður vart.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.

Inniheldur: Vetniskolefni, C11-C14, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, arómatar (2-25%)

Sprengihætta við upphitun.
Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C11-C14, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, arómatar (2-25%)			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119458869-15-XXXX	Innihald %	70 - 90
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	925-653-7	H-setningar	-
CAS	64742-81-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg. 1 - H304 , Langv.eit.á vatn 3 - H412			

Koldíoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	204-696-9	H-setningar	-
CAS	124-38-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

2-(2-Heptadek-8-enýl-2-ímiðazólín-1-ýl)etanól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 2,5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	202-414-9	H-setningar	-
CAS	95-38-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Bráð eit.4 inntaka - H302 , Húðæt.1B - H314 , Augnskað.1 - H318 , SEM-EV2 - H373 , Bráð eit á vatn.1 - H400 (M=10) , Langv.eit á vatn.1 - H410 (M=10)			

Terpentína, olía			
Skráningarnúmer ECHA		Innihald %	0,1 - < 1,0
Raðnúmer	650-002-00-6	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	232-350-7	H-setningar	-
CAS	8006-64-2	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökví 3 - H226 , Eit.v.ásvelg.1 - H304 , Bráð eit.4 - H302-H312-H332 , Húðert.2 - H315 , Húðnæm.1 - H317 , Augnert.2 - H319 , Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Annað:
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hlíðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni ef nauðsyn krefur, sýnið öryggisblaðið.

Inntaka

Hreinsið munn vandlega með vatni. Leitið strax lækni. Framkallið ekki uppköst. Ásvelgingarhætta. Haldið höfði lágt við uppköst þannig að efnið berist ekki í lungu.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir. Einkenni: Affitun húðar, ofnæmisviðbrögð, höfuðverkur, svimi, ógleði.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, alkóhólþolin froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægjið alla hita,- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Gufa er þyngri en loft, forðist lágt liggjandi rými, svo sem kjallara.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Eld- og sprengifimar blöndur með lofti geta myndast.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og úðið ekki á heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Gólf ætti að vera leysiefnapólið. Geymið fjarri eldfimur og sjálfstændandi efnum.. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Vetniskolefni, C11-C14, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, arómatar (2-25%)	100	525			WEL
Koldíoxíð	5000	9150	15000	27400	WEL
4-Metyl-pentan-2-ól	20	85			WEL
Terpentína, olía	100	560			WEL
Olíuúði (jarðolía)		5		10	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

Terpentína, olía					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	0,161	mg/kg/likamsb/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	5,98	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	0,31	mg/kg/likamsb/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	0,081	mg/kg/likamsb/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1,06	mg/m ³
	Umhverfi, sjór		PNEC	0,088	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	8,8	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn set		PNEC	2,27	mg/l
	Umhverfi, sjór set		PNEC	0,227	mg/l
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	0,45	mg/l

2-(2-Heptadek-8-enyl-2-ímiðazólín-1-yl)etanól					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	0,06	mg/kg/likamsb/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	0,46	mg/m ³

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nitrílgúmmíi. (EN374, >=0,4 mm, gegnstreymistími >480 mín). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma leysiefnahelds vinnufatnaðar og öryggisskófataðar. (EN20345).

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð A. (EN14387) Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol)
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Litlaus, glær
Blossamark:	65°C
Tendrunarmark:	365°C
Lægri sprengimörk í lofti:	0,6%
Hærri sprengimörk í lofti:	6,5%
Eðlismassi við 20°C:	0,81 g/cm ³
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim, getur myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti.
Seigja (20°C):	3,9 cSt

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Möguleg uppsöfnun eld- og sprengifimrar gufu.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir íkveikjuvaldar, stöðurafrágn. Sprengihætta við upphitun. Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Ekki skal gata eða brenna brúsa eftir notkun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimrar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Contact spray 400ml					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, ísog um húð	ATE	>2000	mg/kg	kanína	reiknuð stærð

Vetniskolefni, C11-C14, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, arómatar (2-25%)					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	>5060	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD ₅₀	3400	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturrif, innöndun	LC ₅₀	13,1	mg/l/4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Ertandi (endurtekning)		rotta	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	OECD 406
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			OECD 473
Krabbamein		Neikvætt			OECD 453
Ásvelgingarhætta		Já			
Eitrun æxlunarfæra	NOAEC	>=300 ppm			OECD 421
Einkenni	Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, erting í munn og slímhúðum, truflun á starfsemi maga og þarma. Lungnabólga við ásvelgingu.				

Koldíoxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Helstu einkenni	Meðvitundarleysi, blöðrumyndun í snertingu við húð, uppköst, kal, pirringur, kláði, höfuðverkur, krampi, eyrnasuð, svimi.				

4-Metýl-pentan-2-ól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	2590	mg/kg	mús	
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD ₅₀	3590	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrif, innöndun	LC ₅₀	32	mg/l/4 klst	rotta	
Einkenni	Andnauð, meðvitundarleysi, höfuðverkur, hósti, þreyta, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.				

Terpentína, olía					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	3956	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrif, innöndun	LD ₅₀	>13,7	mg/l/4 klst	rotta	
Alvarlegur augnskaði		Ertandi			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Andnauð, meðvitundarleysi, verkir í stoðkerfi, höfuðverkur, hósti, þreyta, erting í slímhúðum, sviði í nefi og koki, vanlíðan, ógleði, uppköst.				

2-(2-Heptadek-8-enýl-2-ímiðazólín-1-ýl)etanól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	1265	mg/kg	rotta	OECD 401
Húðæting/erting		Ætandi			OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Ætandi			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar vísbendingar		Hamstur	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Contact spray 400ml					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	>50 mg/l	96 klst	Fiskar	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar treglega niður			
Eiturhrif á gerla	EC ₅₀	>100 mg/l	16 klst	Pseudomonas	
Annað	Inniheldur engin AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast)				

Vetniskolefni, C11-C14, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, arómatar (2-25%)					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	10-30 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC ₅₀	10-22 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC ₅₀	4,6-10 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		74,7%	28 d		OECD 301 F
Uppsöfnun í lífverum	LogPow				Er líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Leysanleiki í vatni	Óleysanlegt, flýtur á vatnsyfirborði				

Koldíoxíð	
Annað	Gróðurhúsaáhrif

4-Metýl-pentan-2-ól					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	100-1000 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	200 mg/l	48 klst	Daphnia	

Terpentína, olía					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LL ₅₀	29 mg/l	48 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EL ₅₀	8,8 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EL ₅₀	16,4-17,1 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar auðveldlega niður			
Uppsöfnun í lífverum		Neikvætt			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

07 06 04 (aðrir lífrænir leysar, þvottalausnir og stofnlausnir)

16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)

Óhreinarn umbúðir

Óhreinarn umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

15 01 04 (málmumbúðir)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
Pökkunarflokkur: -
Hættuundirflokkur: 5F
Jarðgangaflokkun: D
Mengunarhætta: Já

Varúðarmerking



IMDG:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
EmS: F-D, S-U
Pökkunarflokkur: -
Mengunarhætta: Já



IATA:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur: 2.1
Pökkunarflokkur: -



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Sjá lið 2, varðandi flokkun og merkingu. Reglugerð EB Nr. 1907/2006, Viðauki XVII.
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.
VOC (EB 2010/75) 83,1

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfímur vökvi og gufa
H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H312	Hættulegt í sneringu við húð
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augneringu
H332	Hættulegt við innöndun
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/28.03.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

ALBERT BERNER DEUTSCHLAND
SICHERHEITSDATENBLATT gemaess Verordnung (EG) No 1907/2006, Annex II
147618 KONTAKTSPRAY 400ML

Útgáfa: 23.06.2017 Útgáfa 0016

Kemur í stað: 05.07.2016 Útgáfa 0015